

# Fundargerð

Kynningarfundur fyrir landeigendur vegna gerðar stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir Látrabjarg

haldinn í gegnum Teams og á Suðurlandsbraut 24 þann 19. feb, 2024 kl. 17:00-18:30

## Fundarmenn:

Aðalheiður Pálmadóttir, fulltrúi landeigenda  
Edda Kristín Eiríksdóttir, fulltrúi frá Umhverfisstofnun  
Borgný Katrínardóttir, fulltrúi Náttúrufræðistofnunar Íslands  
Jón Pétursson, fulltrúi landeigenda  
Þórdís Björt Sigþórsdóttir, fulltrúi frá Umhverfisstofnun

Landeigendur á Látrabjargi

## Markmið fundar/Dagskrá

1. Hvað er stjórnunar- og verndaráætlun
2. Helstu atriði í áætluninni
3. Umræður og spurningar

Farið var yfir hvað stjórnunar- og verndaráætlun er og hvar áætlunin fyrir Látrabjarg er stödd í ferlinu. Næstu skref eftir kynningarfund með landeigendum er 6 vikna opið kynningarferli þar sem allir sem hafa áhuga geta skoðað drög að áætluninni og sent inn athugasemdir eða ábendingar.

## Farið var nánar í einstaka atriði í stjórnunar- og verndaráætluninni:

Sérreglurnar sem eru 4 talsins:

1. Allt flug innan 3500 feta frá sjávarmáli innan friðlandsins er óheimilt á tímabilinu 1.apríl– 31. ágúst. Undanskilið banninu eru leitar- og björgunaraðgerðir og starfsemi Landhelgisgæslunnar og annarra stofnana sem sinna lögbundum rannsóknum og eftirlitshlutverki með náttúru- og menningarminjum
2. Klifur og sig, annað en það sem tengist nytjum landeigenda, er óheimilt nema með leyfi Umhverfisstofnunar.
3. Landeigendum er ekki heimilt að framselja rétt sinn til eggjantja nema með leyfi Umhverfisstofnunar.
4. Landverði eða umsjónaraðila svæðisins er heimilt að loka tímabundið gönguleiðum vegna verndunar gróðurs og jarðminja eða þegar leiðin er ekki fær og að beina gestum svæðisins um aðrar leiðir ef þess er kostur. Samráð skal haft um slíka ákvörðun við hlutaðeigandi sveitarfélag og landeigendur.

## Nokkrar spurningar komu fram á kynningarfundinum

- Hvað með lendingu á flugvélum/þyrlum og flug dróna?
  - o Það er nú þegar bannað að lenda þyrlum innan friðlandsins og nota dróna skv. friðlýsingarskilmálum.
- Spurt var um vélknúna svidreka
  - o Þeir falla líka undir flug og er notkun þeirra óheimil á svæðinu skv. sérreglu
- Fornminjar – gömul fuglabyrgi þar sem fuglinn var settur undir við veiðar til að hafa hann í skugga, er hægt að vernda þessar fornminjar á einhvern hátt?

## Stjórnunar- og verndaráætlanir

- Minjastofnun Íslands ber ábyrgð á minjum en það má orða það í áætluninni að á nokkrum stöðum liggi gönguslóðinn um bjargbrún beinlínis yfir minjar og setja það í aðgerð að kannað verði, í samráði við Minjastofnun, hvort ástæða er til að beina umferð frá þeim eða verja á annan hátt
- Á að reyna að stemma stigu við slóðana sem eru komnir, setja eitthvað ofan í þá?
  - Landslagið er mjög erfitt og nánast ómögulegt að koma tækjum að – í stjórnunar- og verndaráætluninni er tekið fram sem aðgerð að það verði leitað eftir ráðgjöf varðandi það hvaða möguleikar eru í stöðunni, þá þarf einnig að skoða hver vilji landeigenda er varðandi uppbyggingu á svæðinu. Hið sama gildir um aðgengi fatlaðra, það þyrfti einnig að vera ávarpað í ráðgjöfinni hvaða möguleikar eru þar fyrir hendi. Eins spurning hversu langt landeigendur eru tilbúnir að fara varðandi uppbyggingu innviða – en niðurstaðan er að fyrsta skrefið er að fá ráðgjöf og svo skoða hvaða leið verður farin.
- Er verið að nýta vélarhúsið sem er á Bjargtöngum
  - Vegagerðin nýtir vélarhúsið fyrir geymslu á veðurmælingartækjum og þaðan er varaafli líka keyrt, þá hefur Umhverfisstofnun fengið leyfi Vegagerðarinnar síðustu tvö ár til að nýta lítinn hluta af húsinu sem kaffiáðstöðu fyrir landvörð.
- Hvenær verður hætt að fjölga bílastæðum?
  - Umhverfisstofnun hefur hannað nýtt bílastæði í samræmi við deiliskipulag sem var samþykkt árið 2015, þar verður rými fyrir fleiri bíla en nú er og ráðgert er að það verði malbikað svo skipulag verður betra. Á einhverjum tímupunkti munu innviðir hinsvegar takmarka aðgengi – ef innviðir takmarka aðgengi þá er ekki stefnt að því að byggja upp fleiri innviði heldur yrði farið í aðra aðgangsstýringu.
- Verða fleiri landvarðavikur í kjölfar stjórnunar- og verndaráætlunar?
  - Húsnæðis- og aðstöðuskortur heftir mjög landvörslu við Látrabjarg – það hamlar því að fá fleiri vikur þar sem kostnaðurinn er mikill, gæti breyst ef það tekst að kaupa landvarðahúsnæði eða byggja í nágrenninu,. Það er vilji hjá Umhverfisstofnun að efla landvörsluna á Látrabjargi.

## Aðrar umræður og athugasemdir fundargesta

- Fuglatekja - hún lagðist að miklu leyti af rétt fyrir stríð en hélst áfram í einhverju mæli til heimilisnota fram á sjöunda áratuginn. Athugasemd um það verður bætt í áætlunina.
- Sólmýrkvinn í ágúst 2026 – næstu skref er að samstarfsnefnd um friðlandið fundi um málið, í allra minnsta lagi verður landvarsla og stýring eflað tímabundið í tengslum við atburðinn, mögulega þarf að gera meira með samtali við sveitarfélag og/eða ferðapjóna á svæðinu en nefndin mun taka málið fyrir.
- Örnefnaskráning – landeigendur munu taka að sér að rýna örnefnakort og fá heildarsýn yfir örnefni á svæðinu. Tillaga um að setja upp skilti með þeim örnefnum sem hægt er að horfa á yfir á bjargbrúnina – svipað eins og fjallaútsýnisskífa. Skoðað verður að bæta þeirri aðgerð í fræðslukafla stjórnunar- og verndaráætlunar.
- Skemmtiferðaskip sem brjóta af sér – Umhverfisstofnun hvetur landeigendur til að senda upplýsingar ef þeir telja sig sjá skemmtiferðaskip sem eru að brjóta friðlandsreglur.  
[eddak@ust.is](mailto:eddak@ust.is)

*Ræddur var sá möguleiki fyrir landeigendur að senda inn ábendingar á þessu stigi, þ.e. áður en áætlun fer í opið kynningarferli, en eins gefst landeigendum kostur á að senda inn ábendingar á 6 vikna kynningartímanum eins og öðrum. Hægt er að senda inn ábendingar á eftirfarandi netfang:*

[thordis.b.sigthorsdottir@umhverfisstofnun.is](mailto:thordis.b.sigthorsdottir@umhverfisstofnun.is)

Umhverfisstofnun

